

Fundargerð XXXI. landsþings

Sambands íslenskra sveitarfélaga

24. mars 2017

Árið 2017, föstudaginn 24. mars var XXXI. landsþing Sambands íslenskra sveitarfélaga haldið í Grand hóteli í Reykjavík og hófst það kl. 10 árdegis.

1. Þingsetning

Halldór Halldórsson, formaður sambandsins, setti þingið og bauð þingfulltrúa velkomna.

Formaður sambandsins fjallaði um helstu verkefni sem hafa verið á vettvangi sambandsins síðustu vikur og misseri í ávarpi sínu. Hann ræddi um fjármál sveitarfélaga og afkomubata þeirra undanfarin ár. Hann sagði afkomubata sveitarfélaganna stafa af aðhaldi og góðri fjármálastjórnun, en einnig til þess að sveitarfélögin hafa á síðustu árum dregið verulega úr fjárfestingum.

Þá gerði formaðurinn að umtalsefni lögin um opinber fjármál og samkomulag ríkis og sveitarfélaga um markmið um afkomu og efnahag sveitarfélaga árin 2018–2022 sem undirritað verður á næstu dögum. Forsendur og markmið samkomulagsins eru að ríki og sveitarfélög stuðli að góðri hagstjórn og styrkri og ábyrgri stjórn opinberra fjármála. Aðilar samkomulagsins eru sammála um að byggja afkomumarkmiðin á grunngildun laganna um opinber fjármál: Sjálfbærni, varfærni, stöðugleika, festu og gagnsæi. Formaðurinn áréttaði þann sameiginlega skilning að samkomulagið bindi ekki hendur einstakra sveitarstjórna til að ráða fjármálum viðkomandi sveitarfélags. Samkomulagið felur einnig í sér sóknarfæri fyrir sveitarstjórnarstigið.

Þá vék formaður sambandsins einnig í ræðu sinni að endurskoðun fjármálakafla sveitarstjórnarlaga, lífeyrismálum, rammamálum um starfsemi hjúkrunarheimila, húsnæðismálum, kjaramálum og svonefndri Grábók sambandsins, sem er yfirlit um grá svæði í velferðarþjónustu velferðarþjónustu ríkis og sveitarfélaga og sagðist binda vonir um að inna tíðar hæfist marviss vinna við að fækka þessum gráu svæðum.

Að lokum sagðist formaðurinn vonast til að umræður á landsþinginu um mat á stefnumörkun sambandsins 2014–2018 og fleiri þætti í verkefnum sambandsins skiluðu góðum árangri – það væri nauðsynlegt að taka stöðuna reglulega.

2. Kosning þingforseta, ritara og kjörbréfanefndar

Samkvæmt tillögu formanns sambandsins voru þær Marta Guðjónsdóttir, borgarfulltrúi í Reykjavík, og Steinunn María Sveinsdóttir, formaður bæjarráðs í Fjallabyggð, kjörnar þingforsetar.

Þær tóku þegar við stjórn þingsins. Borin var upp tillaga um kjör ritara og kjörbréfanefndar.

Ritarar þingsins voru kjörnar Ellisif Tinna Víðisdóttir og Valgerður Freyja, starfsmenn sambandsins.

Í kjörbréfanefnd voru kjörin: Sveinbjörg Birna Sveinbjörnsdóttir, borgarfulltrúi í Reykjavík, Ólafur Þór Ólafsson, forseti bæjarstjórnar í Sandgerði, og Kristín Þórðardóttir, sveitarstjórnarfulltrúi í Rangárbæ eystra.

3. Kjör aðalmanns og varamanna í stjórn sambandsins

Fyrir þinginu lá eftirfarandi tillaga:

Þar sem Kristín Gestsdóttir (D), fyrrv. bæjarfulltrúi í Fjarðabyggð, hefur misst kjörgengi sitt til setu sem varamaður í stjórn Sambands Íslenskra sveitarfélaga vegna brottflutnings úr sveitarfélaginu er gerð tillaga um, að í stað hennar verði kjörin varamaður í stjórn sambandsins Dýrunn Pála Skaftadóttir (D), bæjarfulltrúi í Fjarðabyggð, sbr. 7. mgr. 13. gr. samþykka sambandsins.

Þar sem ekki komu fram aðrar tillögur skoðast tillagan samþykkt.

4. Stefnumörkun sambandsins 2014–2018

Karl Björnsson, framkvæmdastjóri sambandsins, gerði grein fyrir árangursmati stefnumörkunar sambandsins, sem starfsmenn sambandsins hafa gert. Farið yfir þróun stefnumörkunar sambandsins.

Fram kom að stefnumótun sambandsins er þýðingarmikið og gagnlegt verkfæri þar sem stjórn, starfsmenn og fulltrúar sambandsins þekkja markmiðin en um leið var því velt upp hvort einfalda megi hana þannig að hún verði hnitmiðaðri og raunhæfari.

Fyrirkomulag umfjöllunar á borðum kynnt.

Almennar umræður – eftirfarandi tóku til máls og greindu frá umræðu á borðum:

Gunnar Gíslason bæjarfulltrúi á Akureyri; Ásgerður Gylfadóttir bæjarfulltrúi í Sveitarfélaginu Höfn; Þorsteinn Gunnarsson sveitarstjóri í Skútustaðahreppi; Sigrún Blöndal bæjarfulltrúi á Fljótshálsa; Skúli Helgason borgarfulltrúi í Reykjavíkurborg; Hjördís Ýr Johnson bæjarfulltrúi í Kópavogsbæ; Aldís Hafsteinsdóttir bæjarstjóri í Hveragerði; Ásgeir Magnússon sveitarstjóri í Mýrdalshreppi; Arna Lára Jónsdóttir formaður bæjarráðs á Ísafirði; Skúli Þórðarson sveitarstjóri í Hvalfjarðarsveit; og Pétur G. Markan formaður FV.

Klukkan 12:05 á hádegi var gert hádegisverðarhlé.

Klukkan 13:05 hófust þingstörf að nýju.

5. Álit kjörbréfanefndar

Sveinbjörg Birna Sveinbjörnsdóttir, borgarfulltrúi í Reykjavíkurborg, gerði grein fyrir athugun kjörbréfanefndar á kjörbréfum og er niðurstaða nefndarinnar eftirfarandi:

„Kjörbréfanefnd hefur yfirfarið þau kjörbréf sem borist hafa vegna breytinga sem hafa orðið á aðal- og varamönnum sveitarfélaganna frá síðasta landsþingi í apríl 2016. Ný og breytt kjörbréf bárust frá 9 sveitarfélögum og eru þau öll gild.

Rétt kjörnir fulltrúar með atkvæðisrétti á þinginu eru 104 frá 66 sveitarfélögum. Þá eru mættir 3 stjórnarmenn í sambandinu með málfrelsi og tillögurétt og aðrir fulltrúar með málfrelsi og tillögurétt eru samtals 53. Alls eru því mættir til landsþingsins 160 fulltrúar. Að auki sitja þingið 7 gestir og 23 starfsmenn sambandsins og Lánasjóðs sveitarfélaga.

Seturétt á landsþinginu eiga 151 fulltrúar frá 74 sveitarfélögum með atkvæðisrétti. Enginn fulltrúi er frá 8 sveitarfélögum.

Það er álit kjörbréfanefndar að XXXI. landsþing Sambands Íslenskra sveitarfélaga teljist lögmætt og ályktunarbært.“

6. Tillögur um breytingar á samþykktum sambandsins

Áslaug M. Friðriksdóttir, borgarfulltrúi í Reykjavík, gerði grein fyrir starfi vinnuhóps stjórnar sambandsins um heildarendurskoðun á samþykktum sambandsins og lagði fram tillögur vinnuhópsins.

Bent var á að gagnlegt sé að fá viðbrögð landsþingsfulltrúa við hugmyndum sem starfshópurinn á eftir að fjalla ítarlegar um – m.a. beinu kjöri formanns sambandsins o.fl.

7. Ávarp samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra

Jón Gunnarsson, samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra ávarpaði landsþingið. Uppbygging innviða, aukinn hvati til sameiningar sveitarfélaga, fjölbreyttari leiðir til að fjármagna samgönguframkvæmdir, ákvörðun ríkisstjórnarinnar í dag um 1.200 milljóna króna viðbótarframlag til vegaf framkvæmda á árinu og uppskipting innanríkisráðuneytis voru meðal umræðuefna í ræðu ráðherrans.

Ráðherrann fjallaði um uppbyggingu innviða, m.a. á sviði fjarskipta og sagði að eftir styrkveitingar fjarskiptasjóðs við sveitarfélög vegna 2016 og 2017 verði einungis um 1.600 styrkhæfir staðir eftir ótengdir á landsvísu í landsátakinu Ísland ljóstengt.

Um byggðaáætlun sagðist ráðherrann gera ráð fyrir að ný byggðaáætlun sem taki til árána 2018 til 2022 verði lögð fyrir Alþingi á komandi haustþingi og kallaði hann eftir góðu samstarfi við sveitarstjórnarmenn um mótun hennar.

Ráðherra fjallaði nokkuð um eflingu sveitarstjórnarstigsins og kvaðst meðal annars vilja sjá ákveðna hvata innbyggða í tekjustofnakerfi sveitarfélaga sem stýddi betur við sameiningu þeirra. Tryggja þurfi að reglur Jöfnunarsjóðs sveitafélaga hjálpi vel þeim sveitarfélögum sem vilja sameinast og leitað verði leiða til að tryggja að slíkar sameiningar styrki stöðu sveitarfélaga sem ein meginstöð velferðar íbúanna.

Fram kom í máli ráðherra að fyrir Alþingi liggi a.m.k. þrjú stjórnarfrumvörp sem varða beinlínis sveitarstjórnarstigið:

- 1) Frumvarp til breytinga á sveitarstjórnarlögum. Breytingin varðar ákvæði um fjölda fulltrúa í sveitarstjórn og snýr að því að Reykjavíkurborg geti sjálf ákveðið fjölda borgarfulltrúa.
- 2) Frumvarp um breytingu á lögum um tekjustofna sveitarfélaga. Tilgangur frumvarpsins er að veða á móti áhrifum laga nr. 40/2014, er varða séreignarsparnað og ráðstöfun hans til greiðslu húsnæðislána og húsnæðissparnaðar, á útsvarstekjur sveitarfélaganna.
- 3) Frumvarp sem heimilar ríki og sveitarfélögum gjaldtöku af uppbyggingu bílastæða vítt og breitt um landið, utan þéttbýlisstaða.

Ráðherra vék síðan að samgöngumálum og minnti á að í stefnuyfirlýsingu ríkisstjórnarflokkanna segi að leitað verði fjölbreyttari leiða til að fjármagna samgöngukerfið, meðal annars með samstarfsfjármögnun þar sem það er hagkvæmt og kvaðst hann óska eftir góðu samstarfi við sveitarfélög um land allt varðandi uppbyggingu samgöngumannvirkja.

Reykjavíkurlflugvöllur kom til umræðu í lok ræðunnar og sagði ráðherra þá meðal annars að á meðan ekki hefur verið tekin ákvörðun um aðra staðsetningu innanlandsflugvallar eigi hann að vera í Vatnsmýrinni, en sagðist um leið vera opinn fyrir samtali um aðra valkosti til lengri tíma.

8. Efling sveitarstjórnarstigsins

Þær Aldís Hafsteinsdóttir, bæjarstjóri í Hveragerðisbæ, og Eyrún Ingibjörg Sigþórsdóttir ráðgjafi, sem báðar eru í verkefnisstjórn sem hefur það hlutverk að greina sveitarstjórnarstigið og skilgreina tækifæri og leiðir til að styrkja það, gerðu grein fyrir verkefninu. Greint var frá því að lokaskýrslu um verkefnið verði skilað til ráðherra með vorinu.

Umræður á borðum – eftirfarandi aðilar tóku til máls og greindu frá umræðum á borði:

Jón Páll Hreinsson bæjarstjóri í Bolungarvík; Líf Magneudóttir borgarfulltrúi í Reykjavíkurborg; Valdimar O. Hermannsson bæjarfulltrúi í Fjarðabyggð; Ásta Stefánsdóttir, framkvæmdastjóri í Sveitarfélaginu Árborg; Pétur G. Markan, formaður FV; Arna Ír Gunnarsdóttir bæjarfulltrúi hjá Sveitarfélaginu Árborg; Theodóra Þorsteinsdóttir formaður bæjarráðs Kópavogsbæjar; Heiða Björg Hilmisdóttir borgarfulltrúi Reykjavíkurborgar; Gunnar Gíslason bæjarfulltrúi á

Akureyri; og Björgvin Skafti Bjarnason, oddviti Skeiða- og Gnúpverjahrepps sem kastaði fram eftirfarandi vísu:

Sameining sjaldan hún brotnar
þó eru sumar hugmyndir rotnar
engu því breytir
að sameina sveitar
ef ríkið það deilir og drottnar.

9. Samþykktir sambandsins

Samþykkt var að bera upp breytingar á samþykktum Sambands íslenskra sveitarfélaga til afgreiðslu í heild sinni. Voru þær lagðar fram og samþykktar samhljóða með afgerandi meirihluta atkvæða.

10. Þingslit.

Halla Sigríður Steinólfsdóttir, varaformaður sambandsins, þakkaði þinggestum fyrir vinnu dagsins og sérstaklega þakkaði hún starfsfólki sambandsins fyrir undirbúning þingsins. Að því loknu sleit hún þinginu.

Þinginu var slitið kl. 15:25.

Ellisif Tinna Víðisdóttir (sign.)

Valgerður Fr. Ágústsdóttir (sign.)